

Grímsvötn – staða 26. maí 2011 kl. 16:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Gunnlaugsdóttur, Gunnari B. Guðmundssyni og Birni Oddssyni með upplýsingum frá Gunnari Sigurðssyni, Þórði Arasyni, Matthew J. Roberts, Sigrúnu Hreinsdóttur og Sibylle von Löwis.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnamælingum, GPS mælum, veðurratsjá, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, MODIS og NOAA gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð: Hefur ekki mælst á ratsjá síðan í fyrrinótt. Flugmenn sáu hvítan gufustrók í rúmlega 2. km hæð kl. 13:47 í dag.

Stefna: --

Litur: --

Gjósufall: Ekkert gjósufall nema í nágrenni eldstöðvarinnar. Lítið öskufjúk vegna úrkomu og lítils vinds.

Eldingar: Engar mældar eldingar frá fyrrinótt.

Drunur: Engar fregnir af drunum.

Bræðsluvatn:

Mjög lítil ís virðist hafa bráðnað í gosinu svo Grímsvatnahlaup er ekki yfirvofandi. Líklega er enn sírennsli úr Grímsvötnum eftir hlaupið í fyrrihaust.

Aðstæður á gosstað:

Enn er kvikusprengivirkni í gíg í suðurjaðri ketils sem myndaðist í gosinu skv yfirlitsflugi frá kl. 19 í gær.

Órói: Svipaður frá því gær en sveiflast mikið til. Óróahviður mælast ennþá á jarðskjálftastöðvum út í allt að 200 km fjarlægð.

Jarðskjálftar:

Engir jarðskjálftar hafa mælst í eldstöðinni sjálfri.

GPS-aflögun:

GPS-mælistöð á Grímsfjalli sýnir óverulega tilfærslu jarðskorpunnar.

Heildarmat:

Litlar breytingar á eldgosinu frá því gær. Kvikusprengingar eru áfram í gangi sem hafa nær eingöngu áhrif á nágrenni eldstöðvarinnar.